



8. Fundarboð Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi

Fundur var boðaður 21. janúar 2026 klukkan 14:00 að Garðarsbraut 5, efri hæð. Fundi var frestað til 12. febrúar 2026 vegna forfalla. Mættir eru: Jóna Rún, Rebekka, Hermína, Einar Víðir og Karólína Kristín. Júlía boðar forföll.

Ketill Gauti Árnason, verkefnastjóri á framkvæmdarsviði situr fundinn undir lið 1.

Sunna Mjöll Bjarnadóttir, starfsmaður notendaráðs, ritar fundargerð.

1. Áframhaldandi umræður um umsókn Norðurþings í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs

Verkefnastjóri á framkvæmdarsviði upplýsir ráðið um að umsóknin síðan 2023-2024 sé enn í gildi og að hún sé enn ætluð til að bæta aðgengi að Pálsgarði.

Notendaráð felur starfsmanni ráðsins að eiga samtal við verkefnastjóra á framkvæmdarsviði um um úthlutun fjármagns fasteignarsjóðs Jöfnunarsjóðs 2025-2026 og koma með tillögur að verkefnum sem falla að þessari úthlutun og leggja fyrir ráðið að nýju.

2. Yfirferð á Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hvar Norðurþing stendur þegar kemur að því að fylgja honum.

Notendaráð felur starfsmanni ráðsins að vinna greinargerð og leggja fyrir Fjölskylduráð Norðurþings.

3. Önnur mál

Fundi slitið kl 16:10.

Karoline Kr. Gunnlaugsd.
Jóna Rún Skarphéðins
Rebekka Asgarsdóttir
Hermína Hauðarsdóttir
Einar Víðir